

FUNDARGERÐ

Árið 2018, miðvikudaginn 25. apríl kl. 12:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar á Hótel Bláfelli, Sólvöllum 14, Breiðdalsvík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Ásgerður Gylfadóttir, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Nefndarmennirnir Birgir Björn Sigurjónsson og Bjarni Jónsson boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, undir lið 14, önnur mál.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 15. mars 2018

Lögð var fram fundargerð frá 15. mars 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 15. mars 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Innleiðing á nýjum persónuverndarlögum

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar, dags. 20. apríl 2018, eftir framlagi vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Á fundi nefndarinnar 15. mars s.l. var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar um framlag vegna greiðslu sérfræðikostnaðar vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum og miðlun þeirrar þekkingar til annarra sveitarfélaga. Málinu var frestað til næsta fundar vegna óvissu varðandi stöðu annarra sveitarfélaga við innleiðingu nýrra persónuverndarlaga. Reykjavíkurborg dró umsókn sína síðar til baka.

Nú sækja Sambandið og Reykjavíkurborg sameiginlega um 15 m.kr. framlag á grundvelli 11. gr. rgl. nr. 960/2010 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til kaupa á sérfræðiráðgjöf vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga tekur að sér miðlun skjala til annarra sveitarfélaga og hjálpar til við að veita ráðgjöf, svo vinnan gagnist öðrum sveitarfélögum.

Umsókn var samþykkt að lokinni umfjöllun.

3. Skuggakosningar í framhaldsskólum

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. mars 2018, um framlag vegna skuggakosninga í framhaldsskólum, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Sótt er um 1,1 m.kr. framlag, þá fjárhæð sem vantar upp á fjármögnun verkefnis eftir aðkomu Sambandsins og Reykjavíkurborgar. Verkefninu er ætlað að stuðla að aukinni kosningabátttöku ungs fólks og verður reynt að horfa til innflytjenda sérstaklega í þessum skuggakosningum. Skv. erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga eru þeir nemendur sem tekið hafa þátt í skuggakosningum líklegri til að kjósa. Verkefnið nýtist á landsvísu.

Umsókn var samþykkt að lokinni umfjöllun.

4. Útgjaldajöfnunarframlag 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 5. apríl 2018, ásamt upplýsingum er liggja að baki enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum fyrir árið 2018. Áætlunin tekur m.a. mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2018 og uppfærðum hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun A- og B-hluta framlaganna fyrir árið 2018 og samþykkti breytingar.

Yfirfærsla grunnskólans

5. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 5. apríl 2018, ásamt forsendum er liggja að baki enduráætluðum almennum jöfnunarframlögum vegna grunnskóla fyrir árið 2018. Áætlunin tekur mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2018 og uppfærðum útsvarsstofni sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun úthlutunar almennra framlaga vegna grunnskólans fyrir árið 2018. Samþykkti nefndin tillöguna.

6. Nýbúuframlög

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. apríl 2018, ásamt upplýsingum er liggja að baki endurskoðuðu framlagi vegna nýbúafraeðslu 2018.

Fyrir áætlun gerði ráð fyrir 50 ókomnum, síðbúnum umsóknum. Síðbúnar umsóknir reyndust 53 talsins. Endurskoðað framlag vegna nýbúuframlags tekur mið af þessu.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun framlags vegna nýbúafraeðslu fyrir árið 2018 og samþykkti breytingar. Jafnframt var rætt um að fá Huldu Karenu frá Menntamálastofnun á fund nefndarinnar til að fara sérstaklega yfir stöðu nýbúafraeðslu í grunnskólum og framlög vegna hennar.

7. Umsókn vegna sérstakra verkefna

Sænska módelið – Fljótsdalshérað

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Fljótsdalshéraðs, dags. 14. desember 2017, um styrk vegna sérstaks verkefnis – Sænskt módel um skóla án aðgreiningar, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 25. janúar sl. og lagði nefndin þá til að afgreiðslu erindisins yrði frestað.

Sótt er um 20 m.kr. styrk yfir tvö ár á grundvelli 11. gr. rgl. nr. 960/2010. Heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður 33,5 m.kr.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar kom fram að um þarft verkefni væri að ræða þó nýsköpunargildi þess væri ekki að fullu ljóst þar sem nefndin taldi að unnið væri eftir sams konar verklagi víða um land. Engu að síður gæti það verið öðrum sveitarfélögum til gagns að formfesta það verklag sem unnið er eftir.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að veita verkefninu 10 m.kr. framlag að svo stöddu og að fylgst yrði með framvindu þess.

8. Skýrsla um rekstrarkostnað grunnskóla

Lögð var fram til kynningar skýrsla Sigríðar Hallgrímsdóttur um reksturs grunnskóla. Skýrslan var í upphafi samstarfsverkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins og var henni ætlað að greina heildstætt rekstrarkostnað íslenskra grunnskóla og nýtingu framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs þeirra.

Yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks

9. Ný reglugerð um starfsemi fasteignasjóðs

Lögð voru fram til kynningar drög að reglugerð um starfsemi fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Reglugerðardrögin byggja á nýjum ákvæðum í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og eru unnin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Mögulega mun þurfa að gera breytingar á reglugerð þegar komin er reynsla á hana.

10. Viðbótarframlög 2018

Lagðir voru fram útreikningar starfsmanns Jöfnunarsjóðs vegna úthlutunar viðbótarframlags til þjónustusvæða vegna reksturs málaflokks.

Milli reglugerða 635/2017 og 230/2018 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk urðu þær breytingar að lægsti heili flokkur sem greitt er með hækkar úr 4. flokki í 5. flokk (a-liður II hluta 3. gr.). Á fundum ráðgjafarnefndar hefur komið fram það sjónarmið að hluti viðbótarframlags geti komið til móts við þau þjónustusvæði sem verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna þessara breytinga. Í framlögðum útreikningum voru þessi neikvæðu áhrif einangruð. Gert er ráð fyrir að fyrir árið 2018 geti viðbótarframlag numið allt að því 400 m.kr.

Ráðgjafarnefndin fór yfir fyrirliggjandi útreikninga og samþykkti að veita 200 m.kr. framlag í samræmi við útreikninga til þess að koma til móts við þau sveitarfélög sem urðu fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna áðurnefndra breytinga.

11. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms 2018/2019

Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar þar sem öll gögn frá sveitarfélögum höfðu ekki skilað sér í tæka tíð.

12. Endurskoðun á regluverki

Umræða átti sér stað um mögulegar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs í samræmi við skýrslu nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samstaða var um mikilvægi þess að ná fram einhverjum af þeim minniháttar breytingum sem lagðar eru til í skýrslunni hið fyrsta. Fram kom að stefnt sé að því að tillögur verði tilbúnar í sumar sem hægt verði að vinna með haustið 2018.

Ákveðið var að taka málið aftur fyrir á næsta fundi ráðgjafarnefndar þar sem starfsmenn Jöfnunarsjóðs leggja tillögur fyrir nefndina.

13. Niðurstaða í dómsmáli

Dómur Héraðsdóms

Lögð var fram til kynningar niðurstaða í dómsmáli, dags. 9. apríl 2018, sem sveitarfélögin Grímsnes- og Grafningshreppur, Hvalfjarðarsveit, Fljótsdalshreppur, Ásahreppur og Skorradalshreppur höfðu gegn Jöfnunarsjóði og ríkinu.

Niðurstaða dómsins er að stefndu eigi að vera sýkn af kröfu stefnanda. Ekki liggur fyrir hvort niðurstöðunni verði áfrýjað til herra dómsstigs.

14. Önnur mál

Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, mætti á fund nefndarinnar til að ræða annars vegar flutning á verkefnum til Byggðastofnunar og hins vegar verkefni tengt rafrænni stjórnsýslu.

Varðandi hið fyrra kom fram í máli Hermanns að Byggðastofnun er tilbúin að taka yfir einhver þau verkefni sem nú eru á hendi ráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs og ættu umrætt verkefni ef til vill betur heima hjá Byggðastofnun. Dæmi um slíkt verkefni eru vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum. Mætti færa sem samning milli stofnana í upphafi.

Varðandi hið síðara kom fram að í bígerð er verkefni tengt rafrænni stjórnsýslu sveitarfélaga. Um sé að ræða metnaðarfullt verkefni sem ætlað er að hjálpa til við þróun íbúalýðræðis, stjórnsýslunnar sem og þjónustu og samskipti við íbúa. Unnið er að verkefnisáætlun að svo stöddu. Fyrirséð þykir að verkefnið muni sækja um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Næsti fundur

Ákveðið var að stefna á næsta fund ráðgjafarnefndar miðvikudaginn 30. maí kl. 12:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið 13:40.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson